

**Sp.**

**384. Tillaga til þingsályktunar**

**[165. mál]**

um skylduþjónustu ungmenna.

Flm.: Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna millipinganefnd til að rannsaka möguleika á framkvæmd skylduþjónustu ungmenna á aldrinum 14—18 ára í þágu þjóðarheildarinnar, 4—6 mánuði alls hjá hverju ungmenni, við margvísleg störf fyrir ríki, sveitarfélög, góðgerðar- og mannúðarfélagsskap. Skal stefnt að því, að nefndin skili frv. að lögum um þetta efni, sem lagt verði fyrir Alþingi.

#### Greinargerð.

Það er oft á orði haft, að við Íslendingar erum blessunarlega lausir við her-skyldu. En jafnframt hvarflar það í hugann, að íslenskt þjóðfélag hefði sannarlega þörf fyrir nokkur störf frá hinum verðandi þjóðfélagsþegnum til hinna margvíslegu umbóta- og félagsmála, sem á samfélaginu hvíla. Hitt er ekki síðra, að slík skylda til þjónustu fyrir föðurlandið knýtir bönd, sem óhjákvæmilega þurfa að bindast milli þegns og þjóðfélags. Eins og nú er ástatt, er fátt, sem sérstaklega minnir á skyldur ungmennanna við föðurland sitt. En margvísleg eru þau réttindi, sem þjóðfélagið veitir, og hafa farið ört vaxandi að undanfögnu. En fyrir réttindi þurfa og hljóta að koma skyldur. Ég held, að slík þjónusta í 4—6 mánuði, sem hér er bent á, sé heppilegt form fyrir þær skyldur.

Undanfarin velgengnisár frá 1960—1966 hefur atvinna verið mikil í landinu og hver vinnufær maður átt nægra kosta vól um störf. En nú um skeið hefur orðið breyting á þessu. Á s. l. sumri var nokkurt orð á því gert, að vandkvæðum hefði verið bundið að fá atvinnu fyrir unglinga á vissu aldurs skeiði. Þær horfur eru ekki betri nú, og líklegt er, að þannig horfi við á komandi árum hjá ört fjölgandi þjóð á tækniöld. Af þeim ástæðum er málið mjög tímabært. Á hinn bóginn er þörf samfélagsins á fjölmörgum sviðum til framkvæmda og þjóðfélagsbóta, sem þegnarnir verða að mæta. Á þennan hátt mega þarfir þjóðfélags og ungmenna mætast á siðbætandi og menntandi hátt. Ég nefni hér skógrækt og landgræðslu af kjörnum viðfangsefnum, en annars eru þau fjölmörg og munu koma skýrar í ljós við nánari rannsókn á þessu máli. En rétt er að gera sér strax grein fyrir því, að stjórn og umsjón þessa máls, framkvæmd skylduþjónustunnar, er vandasöm og krefst mikillar ihygli við undirbúning. Nauðsynlegt er, að gætt sé ýtrustu hagsýni um kostnað allan við stjórn og umsjón og að umsjónarmenn og verkstjórar leggi alúð í starfið, sem krefst skyldurækni og mannbótahugarfars, jafnframt því sem keppt sé að sem drýgstum árangri í þeim þjóðfélagsumbótum, sem starfað er að. Hér skal ekki reynt að lýsa hugsanlegum starfsháttum í ýmsum efnum. En lítilsháttar reynsla mun vera fyrir

hendi um vinnuflokka við skóggræðslu, og nefni ég það dæmi vegna þess, að skóg-ræktin er mér ofarlega í huga sem verkefni í slíkri vinnuskyldu. Ég sé í anda friðan hóp ungmenna, bæði piltar og stúlkur, með vorhug, að planta og vökva rein við rein, sem hæfu starfið dag hvern við leiðsögn einbeitts verkstjóra, og að morgni, er gengið væri til starfs, væri sungið: Ég vil elska mitt land.

Hugmyndin um skylduþjónustu er ekki ný. Margir muna baráttu Hermanns frá Þingeyrum fyrir þegnaskylduvinnunni. Þá varð hún aldrei nema hugsjón, sem rædd var af lífi og sál. En andstæðinga margi átti þessi hugmynd, og talið er, að vísa ein, eftir Pál J. Árdal, hafi gengið af þegnaskylduvinnuhugmyndinni dauðri þá. En vísan er svona:

Ó hve margur yrði sæll  
og elska mundi landið heitt,  
mætti hann vera í mánuð þræll  
og moka skít fyrir ekki neitt.

Þá var sú tíð, að margir mokuðu skít. Nú er öldin önnur, jafnvel svo, að til er það vafalaust, að sumum yrði líkams- og sálubót að því að moka skít. En óþarft er að vera með þessar hugrenningar. Okkar stóra land býður svo mörg viðfangs-efni fyrir huga og hönd starfsfúsrar æsku. Raunverulega verður þetta einn liður í skyldunámi, án efa fjölmörgum til hvað drýgstra mennta, svo framarlega að vel takist um stjórn.

Ég hef ekki kynnt mér manntalsskýrslur til þess að sjá fjölda árganganna nú, eða hve fjölmennir þeir munu verða á næstu árum. Þótt gert sé ráð fyrir í tillöguunni, að unglíngarnir geti innt þjónustuskylduna af hendi einhvern tíma á 5 ára bili, — og er hér stungið upp á aldurskeiðinu 14—18 ára — og lægri aldur tel ég ekki koma til greina, — þá verður að ætla, að árgangarnir verði sem jafnastir. Hér er eitt þeirra rannsóknarefna, sem fyrir nefnd þeirri liggja, er tillagan leggur til að skipuð verði. Lengd þjónustutímans hjá hverjum æskumanni er einnig vafaatriði, og í till. eru nefndir 4—6 mánuðir, sem þó má vera að sé í mesta lagi. Ég tel þó, að þessi tími eigi að vera meginhluti sumarsins, og mætti gjarna fella eitthvað af skólatíma, þegar skylduþjónustunni er fullnægt, enda er hún, svo sem áður er að vikið, ekki síður mennta- og manndómsauki heldur en skólinn, ef vel er á haldið.

Ég legg áherzlu á, að undirbúningsrannsókn málsins verði sem ýtarlegust, bæði hvað snertir þau verkefni, sem kjörið er að leysa á þennan hátt, og að gera sér glögga grein fyrir kostnaði, sem framkvæmd skylduþjónustunnar fylgir, og þó sérstaklega hinu uppeldislega gildi og hvort ekki má jafnvel stytta skyldunáms-tímamann, sem þessu nemur, og brúa þannig að nokkru bil kostnaðar, sem af þessu leiðir.